

Reglugerð um afrekssjóð UMSB

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður (áður afreksmannasjóður) UMSB, stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB 13. mars 2008.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan UMSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Íþróttafólk sem náð hefur 16 ára aldri og hefur stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili á sambandssvæði UMSB getur hlotið styrk úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin er skipuð þremur einstaklingum með þekkingu á íþróttum. Stjórnin skal kosin á sambandsþingi UMSB til tveggja ára. Einnig skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Stjórn er heimilt að kalla til varamann ef stjórnarmaður verður vanhæfur vegna persónulegra tengsla við mál. Skal þá viðkomandi stjórnarmaður víkja sæti og varamaður taka sæti í hans stað.

5. gr.

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri UMSB. Skoðunarmenn UMSB eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum UMSB, samkvæmt reglugerð þar um
- Frjáls framlög og söfnunarfé
- Framlög sveitarfélaga á starfssvæði UMSB
- Tekjur af ávöxtun sjóðsins

7. gr.

Styrkveitingar:

a. Veita má styrk úr sjóðnum vegna þátttöku á eftirtöldum alþjóðamótum:

- Ólympíuleikum
- Heimsmeistaramótum
- Evrópumeistaramótum
- Norðurlandameistaramótum
- Smáþjóðaleikum
- Öðrum mótum sem sérsambönd viðurkenna sem alþjóðleg mót

b. Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.

c. Heimilt er að veita styrk til einstaklinga sem standa framarlega í sinni íþróttagrein samkvæmt styrkleikaflokkun sérsambanda.

8. gr.

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Úthlutanir skulu þó ekki fara yfir 90% af tekjum hvers árs.

9. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í mars ár hvert. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. mars undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Með umsókn skal fylgja greinargerð frá keppanda um helstu afrek og hvernig fyrirhugað er að nýta styrkinn.

10. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt á 103. sambandsþingi UMSB í Borgarnesi 30. apríl 2025 og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessari fellur úr gildi eldri reglugerð um afrekssjóð UMSB frá 2023.

Reglugerð þessi var endurskoðuð á sambandsþingi UMSB 30. apríl 2025